

## **Fálkasetur**

10. fundur stjórnar 24. september 2012, símafundur kl. 9.  
Mættir: Aðalsteinn, Hjörleifur, Sverrir, Ari Páll, Halldór.

Eftirfarandi málefni voru rædd:

### **1. Fræðsla**

Fræðslukvöldið sem að var stefnt í október verður haldið fimmtudaginn 11. október kl. 20. Ólafur Nielsen flytur erindi um gildi langtíma rannsókna og tekur fálkann sem dæmi. Fjallar m.a. um mikilvægi vöktunar í tengslum við vernd fálkans.

Aðalsteinn tekur að sér að fá einhvern sem þekkir til að flyta stutt erindi um Theodór Gunnlaugsson. Eins var honum falið að finna heppilegan aðila úr fjölskyldu Theodórs til að opna vefinn með formlægum hætti.

Hjörleifur sér um að auglýsa fundinn og bjóða fulltrúa frá Umhverfisstofnuneytinu sérstaklega.

### **2. Umsókn um styrki.**

Hjörleifur sýndi fundarmönnum drög að umsókn til Vina Vatnajökuls þar sem kostnaður við að koma upp sýningu í Gljúfrastofu er tilgreindur. Fundarmenn voru ánægðir með drögin og sendir Hjörleifur endanlega umsókn til stjórnarinnar fljótlega til frekari skoðunar.

Fleira ekki tekið fyrir og fundi slitið.

Halldór Valdimarsson